

Nd.

122. Frumvarp til laga

[98. mál]

um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi islenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Fé því, sem kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 74 1968, skal ráðstafa í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 74 1968, skal verja gengishagnaði vegna útflutnings-
afurða, sem framleiddar eru fyrir 15. nóvember 1968, í þágu þeirra atvinnuvega,
sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Jafnframt var gert ráð fyrir að þessu verði
skipað með sérstökum lögum. Í samræmi við þessa ráðagerð er svo fyrir mælt í 1.
gr. frumvarpsins, að gengishagnaði af birgðum landbúnaðarafurða, sem fluttar verða
út frá og með 15. nóvember 1968, skuli ráðstafa í þágu landbúnaðarins og skal land-
búnaðarráðuneytið ákveða með hvaða hætti það skuli gert. Áætlað er, að sú fjár-
hæð geti numið allt að 150 millj. kr.